

Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2014

Ársskýrsla flutt á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps haldinn í Reykjavík 19. maí 2015.

Landskerfi bókasafna hf. hefur umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps, í samræmi við þjónustusamning milli Landskerfis bókasafna hf. (LB) og Rekstrarfélags Sarps (RS). Samningurinn er til tveggja ára og tók gildi þann 1. september 2013. Tilgangur með samstarfi RS og LB samkvæmt samningnum er að byggja upp öfluga notendþjónustu, bæta gæði skráningar með auknu gæðaeftirliti og auka aðgengi almennings að Sarpi gegnum leitir.is, sem LB rekur. Í samningnum felst að LB tekur að sér daglegan rekstur og stjórnun félagsins, samningagerð, starfsmannahald, áframhaldandi kerfisþróun og notendþjónustu. Skrifstofa RS er staðsett í húsnæði LB að Katrínartúni 2, Reykjavík.

Stjórnun félagsins

Samkvæmt samþykktum RS er stjórnun félagsins tvíþætt. Annars vegar skal félagið skipað níu manna fulltrúaráði og skal formaður koma frá Þjóðminjasafni Íslands. Hins vegar skal ráðið kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn.

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn 30. apríl 2014. Á fundinum var kjörið fulltrúaráð og það skipa: Dagný Heiðdal frá Listasafni Íslands, Guðbrandur Benediktsson frá Minjasafni Reykjavíkur, Halldór Björn Runólfsson frá Listasafni Íslands, Haraldur Þór Egilsson frá Minjasafninu á Akureyri, Inga Jónsdóttir frá Listasafni Árnesinga, Anna Lís Rúnarsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Pétur Kristjánsson frá Tækniminjasafni Austurlands, Agnes Stefánsdóttir frá Minjastofnun Íslands og Anna Guðný Ásgeirsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands.

Fulltrúaráðið kom saman að aðalfundi loknum og kaus Önnu Guðnýju Ásgeirsdóttur sem formann. Ráðið kaus einnig úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn. Í stjórn voru kjörin: Anna Lís Rúnarsdóttir, formaður og Dagný Heiðdal, gjaldkeri og Guðbrandur Benediktsson, ritari. Varamenn voru kjörnir: Anna Guðný Ásgeirsdóttir fyrir Önnu Lísu, Inga Jónsdóttir fyrir Dagnýju og Haraldur Egilsson fyrir Guðbrand.

Fulltrúaráð

Fulltrúaráðið hélt þrjá fundi á árinu. Meginhlutverk fulltrúaráðs samkvæmt samþykktum félagsins er að ákveða stefnu þess, kjósa framkvæmdastjórn og hafa eftirlit með starfsemi RS.

Fulltrúaráðið kom fyrst saman þann 27. janúar 2014, en Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Sarps og Sigurður Trausti Traustason fagstjóri Sarps sátu einnig fundinn. Lagt var fram m.a. yfirlit yfir rekstur félagsins frá þeim tíma er LB tók við og drög að rekstraráætlun fyrir 2014. Einnig var haldinn hugarflugsfundur um stefnumótun félagsins.

Fulltrúaráð kom saman að loknum aðalfundi 30. apríl og kaus formann og framkvæmdastjórn.

Þriðji fundur fulltrúaráðs var haldinn þann 12. september, en auk ráðsins sátu fundinn Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Sarps og Sigurður Trausti Traustason fagstjóri RS og fundarritari. Á fundinum voru gjaldskrármál félagsins rædd og lagðar fram tillögur að breyttu fyrirkomulagi með fyrirsjáanleika og stöðugleika að leiðarljósi. Fundarmenn voru sammála því að framtíðarsýnin eiga að vera að fara frá potthugsun þar sem aðildarsöfn skipta mér sér heildarupphæð, svokölluðum potti, yfir í vísitölutengda gjaldskrá, en að fyrir árið 2015 væri

æskilegt að halda óbreyttri potthugsun, þó með þeirri breytingu að upphæðin verði með vísitölutengingu. Ráðið lagði til að á næsta aðalfundi verði kynntar tillögur að breyttum samþykktum og nýrri gjaldskrá.

Erla S. Árnadóttir og Garðar V. Gunnarsson frá Lex lögmansstofu komu á fundinn og fóru yfir ólík félagform fyrirtækja á Íslandi m.t.t. hvað gæti hentað RS. Formin sem þau kynntu á fundinum voru: almennt félag, einkahlutafélag eða opinbert hlutafélag, sjálfseignarstofnun og samvinnufélag.

Einróma var samþykkt af fundarmönnum að stefna að áframhaldandi samstarfi við LB og að treysta framkvæmdastjórn RS fyrir því að endurskoða/endurnýja samninginn við Landskerfi bókasafna.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli funda fulltrúaráðs og aðalfundar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er að hafa eftirlit með rekstri þess og sjá til þess að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi, að taka ákvörðun um veitingu notendaleyfa og setja gjaldskrá fyrir þjónustu félagsins.

Framkvæmdastjórnin hélt tíu fundi á árinu. Á meðal þess sem þar var til umræðu voru atriði er varða tekjuöflun félagsins til framtíðar litið og rekstrarform þess. Afrakstur þessa var meðal annars stofnun vinnuhóps um endurskoðun á uppbygginu gjaldskrár og samþykkt félagsins en hann var settur á laggirnar í lok árs 2014 og tók til starfa í byrjun janúar þessa árs. Nánar verður sagt frá vinnu hópsins varðandi gjaldskrármál undir liðnum Önnur mál á aðalfundi. Í hópnum sitja Anna Lísá Rúnarsdóttir, Anna María Urbancic, Dagný Heiðdal, Gerður Róbertsdóttir, Guðný Dóra Gestsdóttir og Harpa Þórsdóttir. Hópurinn mun starfa fram yfir aðalfund 2016.

Það varð niðurstaða stjórnar að leggja fram fyrstu tillögur um breytingar á samþykktum félagsins á fundinum í dag. Helstu markmið eru: skerpa á megintilgangi félagsins, færa samþykktir nær safnalögum nr. 141/2011 með því að nýta viðurkennd söfn sem viðmið fyrir eignaraðild að félaginu, skerpa á því að ábyrgð á gögnum í Sarpi liggur hjá aðildarsöfnum auk fleiri smærri atriða. Stjórn mun halda áfram vinnu sinni við endurskoðun samþykkt félagsins í tengslum við stefnumótun um framtíð félagsins og því viðbúið að frekari breytingatillögur við samþykktir muni líta dagsins ljós á aðalfundi að ári.

Starfsmannahald

Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri LB, sinnti áfram starfi framkvæmdastjóra RS en jafnframt sinna sérfræðingar LB afmörkuðum verkefnum og ráðgjöf við RS. Samtals gegna starfsmenn LB um 60% starfshlutfalli fyrir RS. Framkvæmdastjóri sinnir daglegum rekstri og starfsemi RS, sér um samninga við viðskiptavinum og birgja, fer með starfsmannamál félagsins og kemur fram fyrir hönd þess. Sigurður Trausti Traustason var í 100% starfi sem fagstjóri. Fagstjóri Sarps sinnir daglegum rekstri Sarps og sarpur.is, sér um notendabjónustu og kennslu, hefur eftirlit með gæðum skráningar auk þess að vera tengiliður við þróunaraðila kerfisins vegna kerfisþróunar.

Rekstur RS

Félagið var rekið á grundvelli fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í upphafi starfsársins og gerði áætlunin ráð fyrir að tekjur dygðu fyrir útgjöldum. Gjaldskrá félagsins vegna notendaleyfissamninga nam 28 milljónum króna á ársgrundvelli.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2014 námu 36,4 millj. kr. en rekstrargjöld voru 35,5 millj. kr. Hagnaður af rekstri félagsins er 984 þús. kr. sem skýrist af verðlaunafé 1 milljón króna vegna Íslensku safnaverðlaunanna sem félagið fékk fyrir sarpur.is. Eigið fé RS í lok ársins 2014 var um 2,3 millj.kr. og lækkar frá fyrra ári sem nemur hagnaði ársins 2014.

Rekstrartekjur ársins skiptast í tekjur vegna notendaleyfissamninga, styrki og aðrar tekjur. Tekjur vegna notendaleyfissamninga námu 28,3 milljónum króna. Styrkir voru rekstrarstyrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti 1,6 milljónir króna og verkefnastyrkir úr safnasjóði 4,5 milljónir króna. Aðrar tekjur voru verðlaunafé vegna safnaverðlauna 1 milljón króna og greiðsla frá Landskerfi bókasafna, 1 milljón króna vegna aðkeyptrar vinnu við tengingu sarpur.is inn í safnagáttina leitir.is.

Rekstrargjöld ársins skiptast í rekstrarkostnað kerfis 18,8 millj. kr., laun og tengd gjöld 7,2 millj. kr. og annan rekstrarkostnað 9,4 millj. kr. Aðkeypt þjónusta vegna kerfisgerðar Sarps er stærsti kostnaðliðurinn en hér er um að ræða vinnu við forritun. Næst stærsti kostnaðliðurinn eru greiðslur vegna þjónustusamnings við Landskerfi bókasafna 8,6 millj. kr. Á árinu var greidd lokagreiðsla vegna gagnaflutnings úr Sarpi 2 í Sarp 3 og nam hún rúmlega 1,1 millj. kr. Greiðslan var innt a hendi í kjölfar viðmikilla gagnahreinsunar í Sarpi 3 sem Þekking lauk við á árinu.

Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi RS fyrir árið 2014.

Kerfisgerð - samstarf við Þekkingu

Samstarfið við Þekkingu sem er í senn hýsingar- og þróunaraðili Sarps var gott á árinu. Snemma árs var tilkynnt um skipulagsbreytingar hjá fyrirtækinu, Rúnar Júlíusson varð yfirmaður Lausnasviðs Þekkingar og færðist þróun og viðhald Sarps og sarpur.is yfir til hans. Á þessum tímamarki sammæltust aðilar um að setja í forgang annars vegar leiðréttingar á helstu kerfisvillum sem RS hafði tilkynnt um fyrir villufrest, 25.10.2013 skv. verklokasamningi aðila, og hins vegar leiðréttingar á villum í gögnum sem komu upp við gagnaflutning úr Sarpi 2 í Sarp 3 auk villa í nafnaskrá Sarps. Hvorutveggja var leiðrétt á kostnað Þekkingar. Náðið samstarf var á milli aðila um þessi atriði og voru allar prófanir, sem voru umfangsmiklar, í höndum RS. Lagfæringarnar skiluðu sér í betra kerfi fyrir notendur bæði innri og ytri vefs kerfisins en þeim lauk um mitt ár.

Á seinnihluta ársins var sjónum beint að ýmsum leiðréttingum sem notendur kerfisins höfðu óskað eftir og verið höfðu á bið á meðan villur voru lagfærðar. Einnig fór í gang vinna við leiðréttingar á leit á bæði innri og ytri vef, þetta reyndist viðmikið verkefni og er því ekki endanlega lokið þegar þessar línur eru ritaðar. Meginviðfangsefnið voru þó viðbætur við kerfið í formi þriggja verkefna sem safnasjóður studdi myndarlega við á árinu.

Einnig var hafin skoðun á mikilvægum verkefnum sem enn eru útistandandi samkvæmt verklokasamningi og ber þar hæst skýrslur úr kerfinu. Undir lok árs voru unnar þrjár kröfulýsingar er varða nýja kerfisvirkni en sótt var um styrki fyrir þessi verkefni í safnasjóð fyrir árið 2015. Eitt þeirra lítur að enn frekari þróun úttaksmöguleika þ.m.t. skýrslna úr kerfinu með það að leiðarljósi að gera kerfið að betra stjórntæki en nú er.

Kerfisgerð – þróun

Áframhaldandi kerfisþróun á árinu fólst einkum í framkvæmd þriggja verkefna er hlutu styrk frá Safnasjóði; *Áframhaldandi þróun ytri vefs* þar sem tilgangurinn er að þróa nýja virkni fyrir notendur og söfnin sjálf, m.a til að gera það kleift að útbúa sýningar á vefnum auk atriða sem snerta notendavænleika og virkni vefsins. *Sarpur sem vinnutæki* þar er litið til innra kerfi Sarps með það í huga að bæta hann sem vinnutæki fyrir starfsmenn aðildarsafna. *Aðgengi frá einum stað* lýtur að því að efni frá sarpur.is verði aðgengilegt og leitarbært í gegnum gáttina leitir.is en það verkefni er hluti af markmiðum þjónustusamnings RS og LB.

Vinnan fór þannig fram að Þekking útbjó hönnunarlýsingu fyrir hvert verkefni á grunni kröfulýsingar sem fagstjóri Sarps hafði gert. Forritunin var síðan unnin í þróunarumhverfi kerfisins út frá hönnunarlýsingunni. Þegar henni lauk tóku við prófanir á kerfisvirkni hjá RS og í

kjölfarið lagfærði þekking villur sem komið höfðu fram í prófunum. Hin nýja kerfisvirkni var ekki flutt yfir í raunumhverfi fyrr en RS hafði sannreynt að hún væri orðin rétt í prófunarumhverfi. Í kjölfarið sendi fagstjóri út tilkynningar til notenda þar sem hann upplýsti um nýja virkni í Sarpi eða sarpur.is og leiðbeindi um notkun þeirra. Fjölmargar vefupptökur voru útbúnaðar til leiðsagnar fyrr safnafólk og almenning, voru þær gerðar aðgengilegar á youtube rás. Utanumhald verkefnanna var alfarið í höndum RS.

Verkefnunum lauk á árinu 2014 með þeirri undantekningu að vinna við *Áframhaldandi þróun ytri vefs* stóð fram til mánaðarmóta janúar/febrúar 2015.

Ytri vefur – safnaverðlaun - notkun

Mikil breyting átti sér stað með tilkomu ytri vefsins sarpur.is sem opnaður var haustið 2013. Söfnin geta nú betur uppfyllt ákvæði safnalaga um að gera safnkost sinn aðgengilegan almenningi. Vefnum hefur verið vel tekið og jukust heimsóknir á hann jafnt og þétt á árinu 2014. Ef janúar árið 2014 er borinn saman við janúar 2015 þá hefur orðið rúmlega 80% aukning í heimsóknum á vefinn. Þetta hefur haldist í hendur við vinnu við vefinn en mikið kapp hefur verið lagt á lagfæringar og viðbætur með það að markmiði að bæta aðgengi að gögnunum og gera vefinn enn notendavænni. Leit á vefnum var stórbætt auk þess sem nýjum leitarmöguleikum var bætt við. Það eru þó auðvitað gögnin sem gera sarpur.is að því sem hann er og hafa aðildarsöfn unnið að því að bæta við nýju efni, opna fyrir eldri yfirfarnar skráningar og bæta við myndum af aðföngum. Vefurinn iðaði af lífi á árinu 2014 þar sem bættist við aðfangafjöldann dag frá degi og notendur sendu inn ábendingar í gegnum „Veistu meira“.

Þann 6. júlí 2014 hlaut RS Íslensku safnaverðlaunin fyrir ytri vef menningarsögulega gagnasafnsins Sarps (www.sarpur.is) og afhenti Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson RS viðurkenninguna við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Í fyrsta sinn fylgdi safnaverðlaununum peningaupphæð 1.000.000 kr.

Ákveðið hefur verið að verja verðlaunafénu til að bæta síun og birtingu efnis eftir söfnum og aðfangategundum á sarpur.is auk þess að fá utanaðkomandi aðila til að framkvæma notendaprófanir á vefnum og kanna með því hvernig gera má hann enn skýrari og notendavænni.

Gæði skráningar – skráningarráð Sarps

Eitt af markmiðum samstarfs félagsins við Landskerfi bókasafna var að koma á viðmiðum fyrir gæði skráningar í Sarp, skyldi þar leitað í smiðju Landskerfisins varðandi fyrirkomulag skjölunar og skráningarráðs Gegnis. Vinnuhópur var settur á laggirnar á árinu til að hrinda málinu af stað og koma með tillögur um fyrirkomulag gæðastjórnunar Sarps. Afraksturinn er drög að gæðahandbók um skráningu í Sarp og tillögur um stofnun skráningarráðs Sarps. Unnið hefur verið erindisbréf fyrir ráðið sem verður formlega sett á laggirnar á aðalfundi 2015. Í framhaldi af aðalfundi verður boðið upp á fræðsluerindi þar sem nánar verður farið yfir starfsreglur, tilgang og markmið skráningarráðsins ásamt aðdraganda stofnunar þess.

Notendabjónusta – námskeið – miðlun upplýsinga

Þjónustuborð Landskerfis bókasafna tekur við beiðnum um notendabjónustu vegna Sarps og leysir úr þeim eða vísar þeim áfram til fagstjóra allt eftir eðli erindanna. Upplýsingamiðlun til notenda fer fram á póstlista Sarpsnotenda sem fagstjóri heldur utan um. Önnur leið til miðlunar upplýsinga er í gegnum nýja Youtube rás <https://www.youtube.com/user/landskerfiogsarpur> en þar er einkum að finna myndbönd sem útskýra nýjungar í Sarpi, á sarpur.is eða safnagáttinni leitir.is.

Fagstjóri hefur sótt fjölmörg aðildarsöfn Sarps heim og leiðbeint þeim varðandi notkun kerfisins. Haldin voru tíu námskeið fyrir aðildarsöfn Sarps á árinu, sjö grunnnámskeið, eitt umsýslunámskeið og tvö skráningarnámskeið, auk þess sem haldinn var fræðslufundur fyrir háskólaþing. Námskeiðin voru haldin í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum. Fagstjóri hafði

umsjón með námskeiðunum en kennari auk hans var Þorvaldur Böðvarsson starfsmaður Þjóðminjasafns.

Fjöldi notenda – nýjir notendur - umfang gagnasafnsins

Nokkrar breytingar urðu á aðildarsöfnum Sarps á árinu. Ný söfn bættust í hópinn; Fræðasafn skáta Úlfjótsvatni, Listasafn Fjallabyggðar, Heimilisiðnaðarsafnið, Smámunasafn Sverris Hermannsonar, Sagnheimar, byggðasafn Vestmannaeyja, Stofnun Wilhelms Beckmann og Sjóminjasafn Austurlands, Eskifirði. Breiðdalssetur sagði sig frá samstarfinu og er ekki lengur sameignaraðili að félaginu. Fjöldi greiðandi safna og stofnana var í lok árs 2014 alls 51 talsins og fjölgaði um 4 á árinu, þar af voru 38 með sameignaraðild að félaginu og 13 með samstarfsaðild.

Á árinu átti RS nokkra fundi með Minjastofnun Íslands þar sem rætt var um að halda sameiginlegri þróun húsaskrár Sarps, með það að leiðarljósi að hún verði vettvangur fyrir skráningu húsakannana. Einnig var rætt um möguleika á að Minjastofnun hefji notkun á fornleifaskrá Sarps. Fýsilegt væri að tengja færslur í húsa- og fornleifaskrá við vefsíð sem Minjastofnun hefur komið á laggirnar. Ekki er komin niðurstaða í málið en ljóst er að fara þyrfti í allnokkrar breytingar á Sarpi ef af verður. Hér er um mikilvægt tækifæri að ræða fyrir félagið.

Í lok ársins 2014 voru 180 notendur með aðgang að innri vef Sarps. Um 75% þeirra voru með kerfisaðgang sem gerir kleift að bæði lesa, skrá og breyta eldri færslum í Sarpi (*B – breytinga- og skráningaraðgangur*), rúmlega 8% notenda voru með aðgang sem gerir kleift að lesa og skrá færslur (*S – skráningaraðgangur*) og tæplega 17% notenda voru einungis með lesaðgang að kerfinu (*L - lesaðgangur*). Stór hluti skráðra notenda eða um 83% er því með skráningaraðgang að Sarpi.

Gagnamagn í Sarpi í lok júlí 2014 var lagt til grundvallar gagnamagnsviðmiði í gjaldskrá ársins 2015. Þetta var gert til þess að koma til móts við þær óskir aðildarsafna um að gjaldskrá félagsins fyrir komandi ár sé birt að hausti en ekki í upphafi nýs árs líkt og verið hefur. Yfirlit um gagnamagn aðildarsafna í lok júlí er að finna í gjaldskrá RS 2015, sjá töflu 1.

Í Sarpi eru 1.401.567 færslur skráðar þegar þessar línur eru ritaðar. Þar af eru 1.175.932 færslur birtar á sarpur.is. Þar af eru 1.160.391 færslur aðgengilegar í gegnum leitir.is, færslur þar eru færri en á sarpur.is þar sem ákveðið var að birta ekki færslur úr listamunaskrá að svo stöddu vegna óvissu tengdri höfundarréttarmálum.

Þjónustusamningur við Landskerfi bókasafna hf.

Í núgildandi þjónustusamningi RS við Landskerfi bókasafna voru þrjú helstu markmið samstarfsins þessi: (1) Að auka gæðaeftirlit með skráningu í Sarp; á aðalfundi nú verður lögð fram tillaga um stofnun skráningarráðs Sarps og þar er skráningarráð Gagnis fyrirmyndin. (2) Að efla notendabjónusta fyrir viðskiptavinum RS; þetta hefur verið leyst með því að bjóða upp á námskeið um skráningu og notkun Sarps auk þess sem viðskiptavinir RS hafa fengið aðgang að þjónustuborði Landskerfisins. (3) Betra aðgengi almennings að Sarpi meðal annars með því að gera gögnin aðgengileg í gegnum safnagáttina leitir.is. Markmiðin hafa öll náðst eða eru í sjónmáli.

Lokaorð

Árið 2014 var árangursríkt í starfsemi Rekstrarfélags Sarps eins og rakið hefur verið hér á undan og unnið hefur verið ötullega að áframhaldandi uppbyggingu. Framkvæmdastjórn vill þakka fulltrúaráði og aðildarsöfnum Sarps fyrir gott samstarf á árinu. Sérstaklega eru Önnu Guðnýju Ásgeirsdóttur, Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur og Þorvaldi Böðvarssyni færðar þakkir fyrir gott starf í þágu félagsins um árabíl. Jafnframt vill hún færa starfsmönnum félagsins, Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra, Sigurði Trausta Traustasyni fagstjóra og öðrum starfsmönnum

Landskerfis bókasafna þakkir fyrir ánægjulegt og árangursríkt starf. Undir styrkri forystu þeirra verður haldið áfram því starfi að gera Sarp að því öflugra tæki sem gerir söfnum kleift að sinna þeirri skyldu að safna og skrá upplýsingar um safnkost sinn og veita almenningi aðgang að honum. Með því er lagður grundvöllur að faglegu starfi safna og samfélagslegu hlutverki þeirra.

F.h. framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps

Anna Lís Rúnarsdóttir, formaður
Dagný Heiðdal, gjaldkeri
Guðbrandur Benediktsson, ritari